

Það eru þessir Pólverjar

Hallfríður Þórarinsdóttir

Í greininni verður fjallað um fyrstu niðurstöður úr nýlegri viðtalskönnun meðal Pólverja á höfuðborgarsvæðinu. Pólverjar eru sem kunnugt er fjölmennasti innflytjendahópurinn á Íslandi. Atvinna var helsta aðdráttaraflíð sem dró þá til landsins og flestir komu þegar efnahagsþenslan var í algleymingi. Þegar hæst lét voru þeir um 45% allra erlendra ríkisborgara í landinu. Í kjölfar efnahagskreppu og atvinnuleysis hefur Pólverjum fækkað minna en spáð var, og í upphafi árs 2011 voru þeir enn langfjölmennastir allra erlendra ríkisborgara í landinu, eða 44%. Engu að síður er atvinnuleysi meðal Pólverja meira en meðal annara hópa innflytjenda og helmingi meira en á landsvísu. Stefna yfirvalda í innflytjendamálum hefur einkennt „de facto“ af því að mæta þörfum vinnuþarfaþarfa. Þessi viðhorf endurspeglast í opinberri orðræðu þegar oftast er ekki talað um Pólverja (og aðra innflytjendur) sem „erlent vinnuafli“. Hvaða fólk eru „þessir Pólverjar“?

Greinin byggir á viðtalsrannsókninni *Pólónía Reykjavík 2010* sem MIRRA – Miðstöð Innflytjendaránnsóknna ReykjavíkurAkademiúnni – gerði meðal tæplega 500 Pólverja á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2010. *Polonia* er alþjóðlegt hugtak sem vísar til pólsku dýasporunnar þ.e. búsetu Pólverja og fólks af pólskum uppruna víðs vegar um heiminn fyrir utan Pólland.¹ Fyrst er stiklað á stóru í sögu pólskra innflytjenda á Íslandi og flutningar þeirra til landsins settir í alþjóðlegt samhengi. Því næst er framkvæmd viðtalsrannsóknar og aðferðafræði lýst, og þá rýnt í fyrstu niðurstöður rannsóknar. Hér er fyrst og fremst lögð áhersla á að kynna gögnin. Frekari úrvinnsla þeirra er í vinnslu.

Pólverjar á Íslandi


Ísland er nýr áfangastaður á landakorti alþjóðlegra búferlaflutninga, hvort heldur fyrir Pólverja eða aðra. Alþjóðlegir búferlaflutningar til landsins voru í raun enn hverfandi við árbúsundamótin. Ólíkt þróuninni í nágrennalöndunum, sem á sér áratuga langa sögu, hafa ákefð og geysilegur hraði einkennt streymi innflytjenda til Íslands. Til marks um það má benda á að hlutfall erlendra ríkisborgara fjórfaldaðist á tíu árum, en frá 1999 til 2009 jókst hlutfall þeirra úr tveimur í átta prósent af heildarmannfjölda. Saga pólskrar búsetu á Íslandi er stutt en Pólverjar eiga sér langa sögu í alþjóðlegum búferlaflutningum. Talið er að um 15-16 milljónir Pólverja, m.ö.o. pólska dýasporan – séu dreifðir um heimsbyggðina utan Póllands. (Iglícka og Ziolk-Skrzypczak, 2010).

Eftir hrun kommúnismans í Pólland 1989 töldu mörg vestur-evrópsk ríki að holskefla innflytjenda myndi streyma frá Austur-Evrópu til vesturs. Sá ótti reyndist ástæðulaus þar sem innflytjendastefna og löggjöf flestra þessara ríkja gerði slíka

¹ Hér eftir verður vísað til rannsóknarinnar sem *Pólónía Reykjavík 2010* eða Pólónía til samræmis við hliðstæðar kannanir sem gerðar hafa verið í Osló (Friberg og Tyldum, 2007).

flutninga mjög erfiða (Black, Engbersen og Okólski, 2010). Víða reyndist erfitt að fá atvinnuleyfi og svo var einnig hér á landi þar sem löggjöfin heimilaði ekki einstaklingum að sækja um atvinnuleyfi, heldur voru leyfin veitt vinnuveitendum sem úthlutuðu þeim svo til erlendra starfsmanna (Hallfríður Þórarinsdóttir, 2009). Engu að síður var þó nokkur fjöldi fólks sem fór vestur á bóginn milli 1990 og 2000 og smám saman dró úr stífnri innflytjendalöggjafar flestra landanna, sem gerði fólki auðveldara fyrir. Þó nokkrir komu til Íslands á þessum tíma en árið 1991 bjuggu rúmlega fimm hundruð Pólverjar í landinu, sem jafngilti tíu prósentum allra erlendra ríkisborgara. Líkt og meðal annarra útlendinga sem komu til starfa á Íslandi á þessum tíma var það fyrst og fremst fiskvinnsla í sjávarþorpum á landsbyggðinni sem dró þá til sín. Þeim fjölgaði smám saman og árið 1999 voru þeir orðnir fjölmennastir allra innflytjendahópa í landinu (16% af öllum erlendum ríkisborgurum; www.hagstofa.is). Hlutfall þeirra hélst nokkuð stöðugt fram á miðjan áratuginn en þá tók fjölgun Pólverja á Íslandi nýja og áður óþekkta stefnu. Sjá mynd1.

Mynd1: Fjöldi Pólverja á Íslandi 1998-2010.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Við stækkun Evrópusambandsins (ESB) 1. maí 2004 urðu vatnaskil í þróun alþjóðlegra búferlaflutninga til Íslands og margra annarra Evrópuríkja. Við stækkunina gengu tíu ný aðildarríki til liðs við sambandið – þar af átta fyrrum kommúnistaríki í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal Pólland (Black, o.fl., 2010). Flóðbylgja fólks streymdi frá austri til vesturs, einkum frá Póllandi.

Aðeins ESB-ríkin Bretland, Írland og Svíþjóð ásamt Noregi (sem er aðili að evrópska efnahagssvæðinu, EES) opnuðu strax fyrir frjálst flæði vinnuafis inn á vinnumarkað sinn. Önnur ESB/EES ríki kusu að hafa aðlögunartíma, eða settu annars konar hindranir. Þar á meðal var Ísland sem kaus að halda í kröfu um atvinnuleyfi fyrir borgara nýju aðildarríkjanna þar til 1. maí 2006. Pólverjar voru því eftir sem áður háðir því að fá atvinnuleyfi hjá vinnuveitanda.

Á Íslandi voru ekki gerðar neinar spár um hugsanlega fólksflutninga til landsins en spár annara ESB/EES aðildarríkja vanmátu stórlega fólksstreymið frá nýju aðildarríkjunum í austri og vestur um (Black o.fl., 2010). Vinsælustu móttökulöndin voru Bretland og Írland. Til marks um fjöldann er álitíð að um hálf milljón Pólverja

hafi flust til Bretlands árið 2007, og talið er að þeir hafi verið um 320 þúsund í Írlandi í mestu uppsveiflunni (de Burca, 2011; Kaczmarczyk, 2010). Enn fremur fóru margir til Þýskalands, Hollands og Noregs og svo til Íslands (Black o.fl. 2010; Dølvik og Eldring 2008). Samkvæmt Eurostat, tölfraeðistofnun ESB, er áætlað að um 1,5 milljón Pólverja hafi búið í öðrum ESB/EES ríkjum en Póllandi í janúar 2009 (Iglicka og Ziolek-Skrzypczak, 2010). Í ársbyrjun 2009 náði fjöldi Pólverja á Íslandi hámarki þegar þeir fóru langleiðina í tólf þúsund. Í samanburði við þá hálfu aðra milljón Pólverja sem streymdu í vestrátt eftir inngöngu Póllands í ESB er það ákaflega líttill hópur en hann er engu að síður stór í íslensku samhengi.

Hafa ber í huga að Pólland er fjölmennast af nýju aðildarríkjum ESB með um 37-38 milljónir íbúa. Árið 2003 mældist atvinnuleysi í Póllandi um 20% og var með því hæsta innan ESB ríkjanna (Drinkwater, Eade og Garapich, 2009). Á sama tíma kallaði efnahagsvöxtur í gömlu aðildarríkjum Evrópu á auknið vinnuafli og Ísland sigldi hraðbyri inn í einn mesta efnahagsvöxt í sögunni. Gífurleg þensla á vinnumarkaði fylgdi í kjölfarið með vinnuafliþörf sem ekki varð mætt nema með starfsfólki erlendis frá. Þrátt fyrir áframhaldandi kröfu um atvinnuleysi, fjölgaði Pólverjum á Íslandi um 31% frá inngöngu í ESB í maí 2004 og þar til öllum höftum var rutt úr vegi tveimur árum síðar. Þegar mest var árið 2007, fluttu um átján Pólverjar til Íslands á hverja 1000 íbúa í landinu.² Það ár fluttu yfir 12.000 manns til landsins, eða 26 manns á hverja eitt þúsund íbúa. Slík fjölgun á sér tæpast hliðstæðu (Vinnuálastofnun, 2010). Kjör voru góð á Íslandi og gengi íslensku krónunnar (ISK) gagnvart pólsku zloti (PLN), var afar hagstætt. Í janúar 2008 jafngiltu 25,5 ISK einu zloti PLN. Í lok desember 2009 hafði verðgildi krónunnar rýrnað um 40% gagnvart zloti frá því fyrir kreppu, sem jafngilti því að greiða 43,5 kr. fyrir hvert zloti.

Það vekur athygli að kynjahlutfall meðal Pólverja á Íslandi hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Um árþúsundamótin voru mun fleiri konur en karlar, eða þrjár konur á móti tveimur körlum. Síðan dró saman með kynjunum og var jafnt í nokkur ár um miðbik áratugarins. Á hátindi efnahagsþenslunnar í ársbyrjun 2008 hafði hlutfallið snúist við og var sjö karlar á hverjar þrjár konur, sem skýrist af óvenjuháu hlutfalli pólskra karla í hefðbundnum karlastörfum, einkum í byggingariðnaði. Eftir efnahagshrun hefur smám saman dregið saman með kynjunum (www.hagstofa.is).

Búsetudreifing Pólverja hefur líka tekið miklum breytingum frá því sem var. Um árþúsundamótin bjuggu aðeins 15% pólskra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu, en í ársbyrjun 2010 var hlutfallið orðið 55 prósent, eða 5.332. Af þeim sem búsettir voru á Stór-Reykjavíkarsvæðinu voru 4.574 (86%) átján ára og eldri (byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is).

Það er ekki einungis umfang þessara einstæðu fólksflutninga til Íslands sem er mikilvægt að átta sig á, heldur einnig samsetning hópsins. Hér vakna óneitanlega áleitnar spurningar á borð við: Hvaða fólk er þetta? Hvaða menntun hefur það? Er það líklegt til að setjast að til langframa? Áður en rýnt er í hvað rannsóknargögnin segja okkur er rétt að gera grein fyrir viðtalsrannsókninni og þeirri aðferðafræði sem notuð var.

² Sjá Nordic databank: <http://www3.dst.dk/pxwebnordic/Dialog/Saveshow.asp>. Til samanburðar má geta þess að til Íslands fluttust sex sinnum fleiri Pólverjar per 1000 íbúa en til Noregs sem kom næst á eftir.

Viðtalsrannsókn og aðferðafræði

Viðtalsrannsóknin Pólónía Reykjavík sem hér er byggt á var eins og áður sagði unnin af MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni sumarið 2010 og byggir á viðtölum við tæplega 500 Pólverja á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegri rannsókn, *Migration and Mobility in Times of Transformation – Methodological Challenges*, sem hlaut styrk frá Þróunarsjóði EFTA og var stýrt af Center for Migration Research (CMR) við Varsjárháskóla. Að viðbættu Póllandi og Íslandi tók Noregur líka þátt undir stjórn rannsóknarstofnunarinnar Fafo í Osló. Hér er um meginndlega rannsókn að ræða og unnu við hana hagfræðingar, félagsfræðingar og mannfræðingar. Auk rannsóknar MIRRA var gerð hliðstæð könnun meðal pólskra innflytjenda á Oslóarsvæðinu í janúar 2010. Í Póllandi var gerð samskonar rannsókn á erlendum starfsmönnum, einkum frá Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Í öllum tilvikum var um að ræða könnun á tölfræðilegum gögnum um alþjóðlega búferlaflutninga til og frá Póllandi, þar með talin tölfræði frá móttökulöndum.

Rannsóknin byggði á aðferðafræði sem kallast *Respondent Driven Sample* skammstafað RDS. Til einföldunar má segja að RDS aðferðafræðin líkist að hluta til s.k. „snjóboltaaðferð“, þar sem einstaklingar eru beðnir um að útvega aðra þátttakendur sem aftur finna aðra þátttakendur og svo koll af kolli. RDS aðferðin felur í sé fjárhagslegan ábata fyrir þátttakanda og tengist enn fremur tölfræðilegum hugbúnaði eða stærðfræðimódeli sem „vigtar“ úrtakið til að bæta fyrir hugsanlega slagsíðu sem getur hlotist af því þegar úrtak er ekki valið af handahófi. RDS – aðferðin hentar sérstaklega vel til rannsókna á hópum sem geta verið faldir eða eru á einhvern hátt viðkvæmir og þar sem eiginleg stærð hópsins er óþekkt (Heckathorn, 1997). RDS – aðferðafræðinni var í fyrsta sinn beitt í rannsókn á innflytjendum í „pilot“ rannsókn sem unnin var af Fafo meðal pólskra starfsmanna í Osló árið 2006.


Í RDS er tveggja þrepa fjárhagslegur hvati. Í fyrsta lagi fá þátttakendur greitt fyrir eigið framlag, og í öðru lagi fá þeir greitt fyrir nýja þátttakendur sem þeir útvega. Hver einstaklingur mátti þó ekki útvega fleiri en tvo nýja. Í Pólónía Reykjavík fengu þátttakendur greiddar 2000 krónur fyrir eigin þátttöku og svo 1000 krónur fyrir hvern nýjan þátttakanda sem þeir útveguðu. Alls var því hægt að vinna sér inn 4000 krónur með þátttöku í rannsókninni.

Eiginlegur undirbúningur rannsóknar hófst árið 2009. Spurningalisti með 230 spurningum var lagður til grundvallar. Eins og fyrr greindi var gerð „pilot“ rannsókn í Osló 2006 sem var endurtekin þar með þó nokkrum breytingum í ársbyrjun 2010. Íslenski spurningalistinn byggði á þeim norska að hluta, en var að sjálfsögðu aðlagður íslenskum aðstæðum. Það voru einkum áhrif bankahrunsins haustið 2008 og efnahagskreppunnar sem sigldi í kjölfarið sem gerði íslenskar aðstæður allt öðruvísi en þær norsku. Kreppan olli skyndilegu hruni í atvinnugreinum þar sem Pólverjar höfðu verið mjög fjölmennir, t.a.m. byggingarvinnu, sem hafði í för með sér gífurlegt atvinnuleysi meðal þeirra. Því var nauðsynlegt að hafa með spurningar um áhrif kreppunnar á líf og kjör fólks.

Auk þess sem spurt var um grunnþætti, s.s. aldur, komuár, atvinnustöðu og fleiri upplýsingar sem skráðar eru hjá opinberum stofnunum, voru einnig spurningar um aðra hagi þátttakenda, s.s. menntun, starfsreynslu, atvinnuþátttöku, aðbúnað á vinnustað, stéttarfélagsaðild og tungumálakunnáttu.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að ná til 500 Pólverja á höfuðborgarsvæðinu en þegar rannsókn var lokið var hópurinn eilítið minni, eða 480. Engu að síður spannar úrtakið 10% allra Pólverja, átján ára og eldri, sem eru fæddir í Póllandi og búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Í RDS – rannsóknum er venjan að velja upphaflega þátttakendur og nefnast þeir „fræ“ eða „seeds“ á ensku. Upphaflega var miðað við að velja fólk úr starfsgreinum þar sem Pólverjar höfðu verið fjölmennir. Það gekk ekki alveg eftir og fékkst t.a.m. enginn úr byggingariðnaði. Fræin sem endanlega voru valin komu úr: A. Matvælaframleiðslu. B. Heilsugæslu (umönnun fatlaðra). C. Verslun og heilidsölu. D. Fiskvinnslu. E. Heilsugæslu (hjúkrunarfræðingur). F. Verslun (byggingavöruverslun). Það vekur athygli að þó öll fræin hafi tekið þátt í rannsókninni var gífurlegur munur á því hvort, og þá að hve miklu leyti, þau skiluðu inn þátttakendum (Mynd 2). Viðtölum lauk í ágúst 2010 og þá tók við innsláttur og „hreinsun“ gagna.

Mynd2: Dreifing fræja eftir starfsgreinum



Heimild: MIRRA 2011

Markmið rannsókna – í Reykjavík, Osló og Póllandi – var að fá úr því skorið hvort sú aðferðafræði sem lögð var til grundvallar, þ.e. „Respondent Driven Sample“ (RDS), endurspeglar opinber gögn, eða leiddi eitthvað annað í ljós.


Upphaflegur fjárstyrkur náði aðeins til öflunar gagna en ekki til raunverulegrar úrvinnslu. Hún er fyrirhuguð á næstunni (að því gefnu að fjármagn fáiist). Hér er því ekki um eiginlega úrvinnslu eða djúpstæða túlkun gagna að ræða, heldur er aðeins gefin eins konar gleiðlinsumynd af hópnum þar sem stiklað er á helstu grunnatriðum.

Hvað segja gögnin?

Sem fyrr segir tóku rúmlega tíu prósent allra Pólverja átján ára og eldri sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu þátt í Pólónía rannsókninni, eða 480 samtals. Þar af voru 55% karlar og 45% konur. Samkvæmt opinberum tölum Hagstofu Íslands var kynjaskipting Pólverja á höfuðborgarsvæðinu meðal 18 ára og eldri, 57% karlar og 43% konur, þannig að úrtak rannsóknarinnar er mjög nærri lagi.

Það þarf ekki að koma á óvart að bróðurpartur þátttakenda er ungt fólk. Um 80% allra kvennanna voru á aldrinum 18-44 ára, og helmingurinn á aldursbilinu 25-34 ára. Karlarnir voru í heildina aðeins eldri, um 70% voru á aldrinum 18-44 ára, en einungis þriðjungur á aldrinum 25-34 ára. Aldursdreifing þátttakenda í rannsókninni er nánast jöfn opinberum tölum Hagstofu Íslands. Athyglisvert er að skoða hvers konar menntun þátttakendur komu með í farteskinu. Sjá mynd 3.

Mynd 3. Pólónía Reykjavík 2010: Menntun – Hæsta prófi lokið




Heimild: MIRRA 2011

Aðeins 13% þátttakenda komu til Íslands í fyrsta sinn fyrir árið 2006 og önnur 13% komu til Íslands í fyrsta sinn eftir að efnahagskreppan skall á, sem er athyglisvert. Bróðurparturinn, eða 73% allra þátttakenda, komu hins vegar til landsins á árunum 2006-2008. Þessar tölur undirstrika svo ekki verður um villst hraðann, ákefðina og umfangið á alþjóðlegum búferlaflutningum Pólverja til landsins. Viðvarandi atvinnuleysi í Póllandi, og stækkun ESB samfara efnahagsþenslu í Vestur-Evrópu voru helstu ástæður þess að Pólverjar streymdu vestur á bóginn og þar með talið til Íslands.

Flestir Pólverjar komu til Íslands þegar efnahagsþenslan var í algleymingi og voru pólskir ríkisborgarar nær helmingur allra erlendra starfsmanna sem störfuðu þá á íslenskum vinnumarkaði (2008-2009), en tíu prósent allra sem

störfuðu á vinnumarkaði voru erlendir ríkisborgarar (Vinnumálastofnun, 2010). Atvinnuleysi var hverfandi og fór undir eitt prósent. Í kjölfar kreppunnar haustið 2008 skall á áður óþekkt atvinnuleysi sem kom sýnu verr niður á erlendum starfsmönnum en íslenskum, og allra verst niður á pólskum ríkisborgurum. Árið 2010 var 8% atvinnuleysi á landvísu, 14% meðal erlenda ríkisborgara og 20% meðal pólskra ríkisborgara á landsvísu (Karl Sigurðsson og Valur Arnarson, 2011b). Á höfuðborgarsvæðinu var munurinn jafnvel enn meiri, en þar var atvinnuleysi 21% meðal pólskra kvenna en 27% meðal pólskra karla, eða 24% að jafnaði. Kynjamunurinn sem og hærri atvinnuleysisstölur fyrir höfuðborgarsvæði skýrast að hluta af því að erlendir karlar á vinnumarkaði, þá sérstaklega Pólverjar, voru fjölmennir í byggingariðnaði og öðrum starfsgreinum sem höfðu þanist út í góðærinu, einkum á höfuðborgarsvæðinu og hrundu svo nánast í efnhagskreppunni. Atvinnuleysisstölur endurspeglar þennan kynjamun þar sem atvinnuleysi er mun meira meðal pólskra karlanna en kvenna.

Mynd 4. Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi meðal pólskra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Vinnumálastofnun Íslands

Meðal þátttakenda í Pólonía rannsókninni var atvinnuleysi 11% hærra en tölur Vinnumálastofnunar gáfu til kynna, eða 35% á móti 24%. Nærfellt helmingur allra karla sem tóku þátt, eða 47%, voru ýmist alveg atvinnulausir eða aðeins í hlutastarfi. Hjá konunum voru hlutföllin í takt við tölur Vinnumálastofnunar, þ.e. 19% kvenkyns þátttakenda voru án vinnu. Þessi munur á atvinnuleysisstöllum Vinnumálastofnunar annars vegar og rannsóknarinnar hins vegar, skýrist ef til vill af því að auðveldara var að fá atvinnulausa til að taka þátt, þar sem greitt var fyrir þátttökuna í rannsókninni. Einnig má gera ráð fyrir að atvinnulausir hafi meiri tíma aflögu en þeir sem eru á vinnumarkaði.

Atvinnuskráning eftir ríkisfangi er ekki heimil og því eru engar opinberar tölur til um dreifingu erlendra/pólskra ríkisborgara eftir starfsgreinum á árum efnahagsþenslunnar 2006-2008. Þó liggur ljóst fyrir að innflytjendur sem streymdu í þúsundatali til landsins meðan þensla var hvað mest mættu síaukinni þörf, einkum í byggingariðnaði og ýmiss konar þjónustu (Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2009, 2010). Algengustu störf meðal þeirra þátttakenda

sem voru virkir á vinnumarkaði þegar rannsóknin fór fram voru: 20% í þrífum, 16% í iðnaði, 12% í byggingarvinnu og 10% í fiskvinnslu. Auk þess voru ýmsir í þjónustu- og umönnunartörfum.

Mynd 5: Atvinnuþáttaka meðal þátttakenda í Pólónía Reykjavík 2010.




Heimild: MIRRA 2011

Þrátt fyrir fremur hátt menntunarstig meðal þátttakenda er ljóst að í flestum tilvikum eru þeir í láglæunastörfum sem ekki krefjast sérþekkingar. Þetta er í takt við rannsóknir á Pólverjum sem fluttu Bretlands og Noregs eftir stækkun ESB (Drinkwater, o.fl., 2009; Friberg og Tyldum 2007).


Þegar þenslan var í algleymingi voru útlendingar, og þá mjög oft Pólverjar, ráðnir í þjónustustörf í framlínu í verslunum þrátt fyrir litla eða enga íslenskukunnáttu. Aðeins þrjú prósent þátttakenda sögðust tala íslensku mjög vel, um sextán prósent vel eða sámilega en hins vegar sögðust sextíu prósent aðeins hafa lágmarksgrunn eða litla þekkingu. Önnur tuttugu prósent svörðu ekki.

Mynd 6. Íslenskukunnáttu þátttakenda í Pólónía Reykjavík 2010

Íslenskukunnátta almennt



Íslenskukunnátta (hefur verið án vinnu)



Heimild: MIRRA 2011

Þessi tiltölulega litla íslenskukunnátta ætti ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hversu stutt flestir höfðu búið á Íslandi, og hvaða störf þeir höfðu unnið. (Frekari úrvinnsla á samspili íslenskukunnátta og annarra þátta eins og tungumáls á vinnustað, íslenskunámskeiða og fleira því tengt er í vinnslu).


Athygli vakti að þegar spurt var hvort atvinnuveitendur á Íslandi kæmu öðruvísi fram við Pólverja en aðra starfsmenn svaraði yfir helmingur því játandi. Yfir helmingur þátttakenda sagðist aldrei mundu hafa komið til Íslands ef sáemandi vinnu hefði verið að hafa í Póllandi. Um þriðjungur var þessu ósammála. Þegar þátttakendur voru spurðir um ástæðu búferlaflutninga frá Póllandi sagði rúmlega helmingur (53%) ástæðuna vera hærri laun. Þegar spurt

var hvers vegna Ísland hefði orðið fyrir valinu sögðu 45% það vera vegna maka eða ættingja sem þegar voru komin til landsins, en rétt um fjórðungur sagði launakjör á Íslandi hafa verið meginástæðuna.

Þátttakendur voru spurðir um stéttarfélagsaðild bæði í Póllandi (eftir 1990) og á Íslandi. Aðeins 15% svarenda höfðu verið stéttarfélagsbundnir í Póllandi en 82% sögðust aldrei hafa verið í stéttarfélagi þar. Sú tala er í takt við almennt hlutfall stéttarfélagsbundinna launþega í Póllandi sem er 14% (<http://www.fedee.com/tradeunions.html>). Á Íslandi snerist stéttarfélagsaðild þeirra algerlega við. Þegar spurt var um að aðild svöruðu 79% þátttakenda því játandi, 4% sögðust ekki vita hvort þeir væru stéttarfélagsbundnir og restin,17% svaraði neitandi. Jafnframt töldu tæplega 70% að stéttarfélagsaðild gæti skipt sköpum ef þeir lentu í vandræðum. Á Íslandi er hátt hlutfall launþega á vinnumarkaði stéttarfélagsbundinn, eða um og yfir 80%. Vert er að benda á að þegar efnahagsþenslan stóð hvað hæst í janúar 2008 voru yfir 40% félaga Stéttarfélagsins Eflingar erlendir ríkisborgarar³ Í januar 2011 voru 35% félagsmanna Eflingar erlendir ríkisborgarar – þar af næstum helmingur Pólverjar, en þeir voru þá um 15 % allra félagsmanna.


Hjúskaparstaða þátttakenda kom á óvart en hlutfall einhleypra var mun lægra en búist hafði verið við.

Mynd 7. Hjúskaparstaða þátttakenda



³ Efling stéttarfélag nær yfir öll svið ófaglærðra og inniheldur nærri 20% alls vinnuafls á höfuðborgarsvæðinu - um 18.500 manns (Harpa Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjaramála Eflingar, tölvupóstur 18. mars 2011).

konur



Heimild: MIRRA 2011

Rúmlega þriðjungur þátttakenda svaraði játnadi þegar spurt var hvort þeir hefðu hugleitt í kjölfar kreppunnar að flytja til Póllands. Meirihlutinn, eða um 40%, sagðist vilja vera áfram á Íslandi því hér væri ástandið betra en í öðrum löndum og restin sagðist trúa því að ástandið færi batnandi hér á landi. Aðspurð um hvort þau hefðu í hyggju að flytja einhvern tíma aftur til Póllands, svöruðu rúmlega 15% sennilega eða örugglega aldrei, rúmlega 40% sögðu já en vissu ekki hvenær, og um 20% vildu fara á næstu mánuðum og aðrir töluðu um innan næstu fimm ára. Þessi svör ættu ekki að koma á óvart í ljósi þess hversu margir höfðu fyrst og fremst flust til landsins í atvinnuleit. Engu að síður er ljóst að í raun hafa færri Pólverjar flutt frá Íslandi, hvort sem það er aftur til Póllands eða annað, í kjölfar kreppu og atvinnuleysis en búast mátti við. Þar ræður miklu atvinnuástandið í Póllandi sem og annars staðar. Í ljós hefur komið að þrátt fyrir atvinnuleysi og fremur bágborna lífsafkomu á atvinnuleysisbótum á Íslandi kjósa fleiri þann kost en að fara til Pólland þar sem kjör eru mun rýrari (Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielsinska, 2010).

Niðurlag

Hér hefur verið stiklað á stóru um þróun alþjóðlegra búferlaflutninga til Íslands á undanförunum árum með sérstakri áherslu á Pólverja. Rýnt var í fyrstu niðurstöður úr rannsókn á Pólverjum á höfuðborgarsvæðinu – *Pólónía Reykjavík 2010*. Eins og fram kom í upphafi er ekki um eiginlega úrvinnslu eða djúpstæða túlkun gagna að ræða á þessu stigi, heldur aðeins staldrað við helstu einkenni.

Í ljós kemur að mikið atvinnuleysi heima fyrir, aðild Póllands að ESB, ásamt von um vel launaða vinnu voru þeir þættir sem ráku þátttakendur í Pólónía rannsókninni frá Póllandi. Aðdráttaraflíð í vestri var atvinna og von um betri kjör. Pólverjar streymdu í hundruða þúsunda tali til Vestur-Evrópu og um tólf þúsund Pólverjar bjuggu á Íslandi þegar mest var. Fyrir þá sem hingað komu voru það ættingjar sem þegar höfðu flust til Íslands, atvinna og betri kjör sem dró þá hingað fremur en annarra landa. Flestir komu til landsins á árunum 2006-2008 þegar efnahagsþenslan var í algleymingi, þá komu enn fremur þrír fjórðu þátttakenda í Pólónía rannsókninni. Gífurlegur hraði, ákefð og öfgar

hafa einkennt alþjóðlega búferlaflutninga til Íslands, og ekki síst flutning Pólverja sem hafa fundið þessar sveiflur á eigin skinni. Atvinnleysi var óþekkt meðal Pólverja á Íslandi fyrir efnahagskreppu en hefur verið hæst meðal þeirra eftir kreppu og var enn herra meðal þátttakenda í Pólónía rannsókninni.

Nokkrir þættir úr fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar hafa komið á óvart. Í fyrsta lagi tiltölulega hátt menntunarstig, en meginþorrinn er ýmist með fagmenntun á framhaldskólastigi, tæknimenntun eða akademíska menntun á háskólastigi. Í öðru lagi kom á óvart hversu margir voru í hjónabandi eða sambúð. Í þriðja lagi vakti það athygli að stéttarfélagsaðild er jafn há meðal Pólverja og almennt gerist í landinu, sem er í algerri andstöðu við hlutfall þeirra þátttakenda sem höfðu verið í stéttarfélagi í Póllandi, sem og almenna stéttarfélagsaðild í Póllandi. Það kom hins vegar ekki á óvart að aðeins lítill hópur talar íslensku vel eða mjög vel. Í efnahagsþenslunni voru alla jafna gerðar litlar kröfur til íslenskukunnáttu við starfsráðningar en í kjölfar kreppunnar hefur þetta breyst. Þó rannsóknin sýni að ekki er mikill munur á íslenskukunnáttu þeirra sem hafa vinnu og þeirra sem hafa verið atvinnulausir á Íslandi, er víst að gerðar eru mun strangari kröfur til íslenskukunnáttu nú en var fyrir kreppu, og lítill íslenskukunnátta dregur úr samkeppnishæfni á vinnumarkaði þegar þetta er skrifað. Fram kom að marga langar til að flytja aftur heim til Pólland einhvern tíma en vita ekki hvenær.

Frekari úrvinnsla gagna úr Pólónía Reykjavík 2010 rannsókninni mun væntanlega varpa frekara ljósi á hópinn. Þróun búsetu Pólverja á Íslandi í náninni framtíð er undir því komin hvernig þróun efnahagsmála verður á Íslandi, í Póllandi og í nágrannalöndunum. Samfara efnahagsþáttum skipta þættir eins og félagslegur hreyfanleiki, nýting menntunar, íslenskukunnátta og samþætting milli innfæddra og Pólverja, á vinnumarkaði og utan, máli í framvindu og þróun búsetu pólskra innflytjenda á Íslandi.

Heimildir

- Anna Wojtyńska, og Malgorzata Zielsinska. (2010). Polish migrants in Iceland facing the financial crisis. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild* (bls.1-11). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Black, R., Engbersen, G., Okólksi, M. og Pantiru C., (ritstjórar) (2010). *A Continent Moving West? EU Enlargement and Labour Migration from Central and Eastern Europe*. Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Black, R., Engbersen, G. og Okólksi, M. (2010). Working out a way from East to West: EU enlargement and labour migration from Central and Eastern Europe. Í R. Black, (2010:7-22). Amsterdam: Amsterdam University Press.
- de Burca, P. (2011) Poles in Ireland. Birt í Gazeta.pl. 3. mars 2011. Sótt af http://katowice.gazeta.pl/katowice/1,35058,9284991,Poles_in_Ireland_oryginalna_wersja_tekstu.html
- Drinkwater, S., Eade, J. og Garapich, M. (2009). Poles Apart? EU Enlargement and the Labour Market Outcomes of Immigrants in the United Kingdom. *International Migration*, 47(1), 161-190.

- Dølvik, J. og Eldring, L. (2008). *Mobility of Labour from New EU States to the Nordic Countries – Development trends and consequences*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Friberg, J. H. og Tyldum, G. (ritstjórar). (2007). *Polonia i Oslo. En studie av arbeids-og levekår blant polakker i hovedstadsområdet*. Oslo: Fafo.
- Hallfríður Þórarinsdóttir (ritstjóri), Sólveig Georgsdóttir og Berglind Hafsteinsdóttir. (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf*. Reykjavík: MIRRA.
- Heckathorn, D. (1997). Respondent-Driven Sampling: A new approach to the study of hidden populations. *Social Problems*, 44(2), 174-199.
- Iglicka, K. og Ziolek-Skrzypczak, M. (2010). *EU Membership Highlights Poland's*

Migration Challenges. Sótt af:

<http://www.migrationinformation.org/Profiles/display.cfm?ID=800>

Kaczmarczyk, P. (2010). Brains on the move? Recent migration of the highly skilled from Poland and its consequences. Í R. Black ofl. (ritstjórar), (2010:165-187). Amsterdam: Amsterdam University Press.

Karl Sigurðsson og Valur Arnarson. (2011a). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnu-markaði árin 2006-2009. Veitt atvinnuleysi, skráning ríkisborgara frá nýju ríkjum ESB, viðbót um starfsmannaleigur og þjónustusamninga og áætlað vinnuafll og atvinnuleysi*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.

Karl Sigurðsson og Valur Arnarson. (2011b). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnu-markaði árin 2010. Veitt atvinnuleysi, áætlað vinnuafll og atvinnuleysi*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun. (2010). *Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2009*. Sótt af http://www.vinnumalastofnun.is/files/%C3%81rsk%C3%BDrsla%20VMST%20%C3%81ri%C3%B0%202009_1947938393.pdf

http://www.vinnumalastofnun.is/files/Sk%C3%BDrsla.okt.10_2124910767.pdf